



# Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Mars 2018



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við athugasemd .....	4
4	Fjárheimildir og rekstur .....	5
4.1	Fjárheimildir .....	5
4.2	Rekstraráætlun.....	5
5	Innra eftirlit.....	6
5.1	Inngangur .....	6
5.2	Afgreiðsla og bókhald.....	6
6	Fylgni við lög og reglur.....	7
6.1	Inngangur .....	7
6.1.1	Lög um atvinnuleysistryggingar .....	7
6.2	Niðurstöður .....	7
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
7.1	Tekjur .....	8
7.2	Rekstrarkostnaður.....	8
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	9
8.1	Eignir .....	9
8.1.1	Viðskiptakröfur .....	9
8.1.2	Ríkissjóður.....	9
8.1.3	Handbært fé.....	9
8.2	Eigið fé og skuldir .....	10
8.2.1	Eigið fé .....	10
9	Önnur atriði .....	11
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	11
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	11

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga fyrir árið 2016

Ársreikningurinn sem er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirsmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur verið til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna rekstrarársins 2016 er að mestu án athugasemda en eftirfarandi athugasemd er komið á framfæri.

### 1. Þjónustusamning vantar

Ekki er til staðar þjónustusamningur milli Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og Vinnumálastofnunar eins og 7. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar nr. 54/2006 kveður á um.

## 3 Viðbrögð við athugasemd

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna athugasemdar sem gerð er vegna endurskoðunar ársins 2016.

### 1. Þjónustusamning vantar

„Forstjóri mun vinna drög að þjónustusamningi og leggja fyrir fagráðuneyti.“

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Tekjur sjóðsins eru atvinnuþryggingargjald.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-24.400	-52.970	-28.570	-39.956
Markaðar tekjur	-87.000	-56.070	30.930	-44.411
Annar rekstrarkostnaður	24.400	16.232	-8.168	15.765
<b>Samtals</b>	<b>87.000</b>	<b>92.808</b>	<b>5.808</b>	<b>68.602</b>

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Upphafleg rekstraráætlun var skráð í bókhaldskerfi ríkisins. Samkvæmt rekstraráætluninni var reiknað með rekstrarafkomu að fjárhæð 15,9 m.kr. en rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 92,8 m.kr.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Afgreiðsla og bókhald

Afgreiðsla, ferlar og innra eftirlit er háttað með sama hætti og hjá Atvinnuleysistryggingasjóð. Greiðsla atvinnuleysisbóta er megin tilgangur sjóðsins. Tölvukerfi sér um útreikninga, útgreiðslur og eftirlit að stærstum hluta.

Til eru skráðir ferlar vegna fjármuna og vinna er til staðar við skráningar annarra ferla þar sem verið er að búa til gæðahandbók.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

#### 6.1.1 Lög um atvinnuleysistryggingar

Atvinnuleysisbætur til bænda, smábátæigenda og vörubifreiðastjóra skulu greiddar úr sérstökum sjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, segir í 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Jafnframt er tilgreint að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu sjóðsins og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings. Gerð er athugasemd við að slíkur samningur hefur ekki verið gerður milli Vinnumálastofnunar og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

### 6.2 Niðurstöður

Ekki er til staðar þjónustusamningur milli Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og Vinnumálastofnunar eins og lög kveða á um. Athugasemd er gerð vegna þessa.



## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Tekjur

Tekjur sjóðsins eru aðallega tvennskonar. Annars vegar er um að ræða markaðar tekjur sem byggja á hlutdeild í tryggingagjaldi. Innheimta, útreikningar og afstemmingar þeirra eru gerðar hjá Fjársýslu ríkisins. Gögn frá Fjársýslunni og bókhald var stemmt af og fjárhæðir því staðfestar. Hins vegar er um að ræða fjármunatekjur. Hver tekjustofn er með verklagsreglur sem eiga að tryggja að fjármunir berist og skráist með viðeigandi hætti.

### 7.2 Rekstrarkostnaður

Um er að ræða sameiginlegan kostnað sem er greiddur til Vinnumálastofnunar og nefndarlaun ásamt atvinnuleysisbótum. Velferðarráðuneyti samþykkir þann kostnað sem greiddur er til Vinnumálastofnunar.

Kostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans og er kveðið um það í lögum um atvinnuleysistryggingar. Á árinu greiddi sjóðurinn 2,5 m.kr. til Vinnumálastofnunar vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegri þjónustu. Annar kostnaður sjóðsins er aðallega vegna launa stjórnarmanna, 0,9 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður var því 3,4 m.kr. Greiddar bætur á árinu voru 2,2 m.kr. en samkvæmt því var kostnaður við rekstur sjóðsins hærri en greiðslur til bótaþega. Afgreiðslu sjóðsins er háttað með sambærilegum hætti og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Endurskoðun efnahagsliða felst fyrst og fremst í staðfestingu á stöðu þeirra liða sem þar koma fram. Með hliðsjón af nýjum lögum um opinber fjármál þarf sérstaklega að huga að liðum eins og uppgjöri markaðra tekna, framlagi til eignarmyndunar og bundnu eign fé.

Í árslok 2016 námu eignir 1.082,6 m.kr., skuldir námu 0,04 m.kr., handbært fé nam 12,8 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 1.082,4 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Handbært fé	12.804	9.006	3.797
Staða við ríkissjóð	1.068.915	994.862	-74.054
Kröfur á gjaldendur	850	917	67
Eignir alls	1.082.569	1.004.785	-77.784
Eigið fé:			
Höfuðstóll			
Bundið eigið fé	1.032.316	937.918	-92.808
Framlag til eignamyndunar	51.798	51.798	
Skuldir:			
Viðskiptaskuldir	44	15.068	15.024
Eigið fé og skuldir alls	1.082.569	1.004.785	-77.784

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfurnar eru til komnar vegna ofgreiðslu á bótum og myndast þessar kröfur í innheimtu- og eftirlitsdeild. Framkvæmdar voru eftirlitsaðgerðir sem byggja á rafrænum samanburði á gögnum milli stofnana og fyrirtækja. Samkvæmt aðgerðinni eru aðilar sem hafa fengið ofgreitt krafðir um endurgreiðslu.

#### 8.1.2 Ríkissjóður

Greiðslustaða við ríkissjóð í árslok var jákvæð um 1.068,9 m.kr.

#### 8.1.3 Handbært fé

Þegar greiðsluskrá vegna atvinnuleysisbóta liggur fyrir er send beiðni til höfuðstöðva Vinnuálastofnunar um millifærslu af reikningi hjá Seðlabanka á viðskiptabankareikning sjóðsins. Af þeim reikningi eru atvinnuleysisbætur greiddar.

Staðfestar voru afstemmingar á handbæru fé í árslok með því að bera saman bókhald stofnunar og ytri gögn frá viðskiptabönkum.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun nam 989,7m.kr. Tekjuafgangur ársins var 92,8 m.kr. og nam bundið eigið fé í árslok 1.030,7 m.kr. Stofnframlag nam 51,8 m. kr. Eigið fé nam samtals í árslok 1.082,5 m. kr.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda Vinnumálastofnunar, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra.

### 9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)